

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 7/2008

Kæra Sveinsbakarís ehf. á ákvörðun Neytendastofu í málum nr. [21/2008](#) og [22/2008](#).

1. Þann 19. desember 2008 er tekið fyrir málið nr. 7/2006: Kæra Sveinsbakarís ehf. á ákvörðun Neytendastofu 13. ágúst sama árs. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 10. september 2008, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvarðanir Neytendastofu, nr. 21/2008 og 22/2008, um að kærandi hafi með verðmerkingum í verslunum sínum brotið gegn ákvæðum 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998, með ófullnægjandi verðmerkingum í verslunum Sveinsbakarís að Engihjalla og í Arnarbakka. Í ákvörðuninni var kæranda gert að greiða stjórnvaldssektir, samtals að fjárhæð 300.000 kr., þ.e. 200.000 kr. vegna ófullnægjandi verðmerkinga í Arnarbakka og 100.000 kr. vegna ófullnægjandi verðmerkinga í Engihjalla. Jafnframt var kveðið á um að sektin skyldi greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu ákvörðunarinnar. Kærandi hefur krafist þess að hinar kærðu ákvarðanir verði felldar úr gildi.
3. Í fyrrgreindri kæru hefur kærandi óskað endurskoðunar í einu lagi á fyrrgreindum tveimur málum Neytendastofu, vegna verðmerkinga í tveimur verslunum Sveinsbakarís. Hefur Neytendastofa svarað erindi kæranda í einu lagi. Verður því tekin afstaða til kæruefnisins í einu máli, enda reynir í öllum fyrrgreindum málum á sömu sjónarmið og málsástæður aðila.
4. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu.

MÁLAVEXTIR

5. Þann 18. júní 2008 fór starfsmaður Neytendastofu í verslanir Sveinsbakarís að Arnarbakka og Engihjalla og kannaði þar ástand verðmerkinga. Í fyrrgreindum heimsóknum var talið að upp á skorti að verðmerkingar vöru í kælum félagsins væru fullnægjandi, auk þess sem verðmerkingar í borði voru taldar ófullnægjandi í verslun kæranda að Engihjalla. Var skýrsla þar að lútandi gerð á staðnum og hún undirrituð af starfsmanni Neytendastofu og starfsmanni kæranda, en afrit skýrslunnar var ekki skilið eftir í viðkomandi verslun. Þann 10. júlí 2008 sendi Neytendastofa kæranda bréf í almennum pósti, þar sem grein var gerð fyrir niðurstöðum skoðunarinnar og fyrirtækinu gert að koma verðmerkingum í viðunandi horf að viðlögðum sektum. Þann 5. ágúst 2008 fór starfsmaður Neytendastofu á vettvang og kannaði á ný verðmerkingar í verslunum kæranda. Leiddi skoðun hans í ljós að enn voru vörur í kæli óverðmerktar í Engihjalla og í

Arnarbakka, auk þess sem verðmerkingum í borði í Arnarbakka hafi verið mjög ábótavant. Var skýrsla um heimsókn Neytendastofu undirrituð af starfsmönnum viðkomandi verslana án athugasemda. Leiddi sú skoðun til þess að lagðar voru sektir á kæranda með fyrrgreindum ákvörðunum Neytendastofu nr. 21/2008 og 22/2008, dags. 13. ágúst 2008.

6. Hefur kærandi gert athugasemdir við málsmeðferð Neytendastofu og krefst þess að Neytendastofa felli niður fyrrgreindar stjórnvaldssektir eða lækki sektirnar.

ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

7. Hinn 13. ágúst 2008 ákvað Neytendastofa sem fyrr segir að kærandi skyldi greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. þar sem verðmerkingar í kælum verslunar kæranda að Engihjalla, og kælum og í borði verslunar kæranda að Arnarbakka, töldust brjóta gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Í ákvörðunum er rakið efni tilvitnaðs lagaákvæðis og reglna um verðmerkingar, og rakið efni bréfs Neytendastofu frá 10. júlí 2008.
8. Í ákvörðuninni var vikið að því að farið hefði verið á starfstöð félagsins og kannaðar verðmerkingar. Í bréfi Neytendastofu frá 10. júlí 2008 hafi verið vikið að því hverjar afleiðingar yrðu ef ekki yrði orðið við tilmælum Neytendastofu um úrbætur. Í málinu liggi fyrir að kærandi hafi ekki orðið við kröfu Neytendastofu og ástand verðmerkinga í kæli hafi ekki verið viðunandi þegar það var kannað í ágúst 2008. Því hafi verið talið hæfilegt að leggja samtals 300.000 kr. sekt á kæranda vegna brota gegn 17. gr. laganna, fyrir fyrrgreindar verslanir eins og að framan getur, þ.e. 200.000 kr. sekt vegna verðmerkinga í verslun kæranda að Arnarbakka og 100.000 kr. sekt vegna verðmerkinga í verslun kæranda að Engihjalla.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

9. Í kæru, dags. 10. september 2008, krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Byggir kærandi á því að í skoðun Neytendastofu að Arnarbakka hafi farið fram þann kl. 9 að morgni 5. ágúst 2008. Það hafi verið fyrsti vinnudagur eftir verslunarmannahelgi og hafi ekki allir starfsmenn verið búnir að skila sér til vinnu þann tiltekna dag. Fátt fólk hafi verið í afgreiðslu og allt heldur á eftir áætlun. Því hafi verðmerkingar ekki verið komnar á sinn stað í borði, nema að hluta til, eða á um það bil helmingi vörunnar. Hafi það verið í fyrsta sinn sem athugasemdir hafi verið gerðar við verðmerkingar í borði verslunar kæranda að Arnarbakka. Hvað varði verðmerkingar í kæli í Arnarbakka, þá kannist starfsmenn félagsins við að gerðar hefðu verið athugasemdir við verðmerkingar kæranda í kæli verslunarinnar, en hins vegar hafi aldrei borist skriflegar athugasemdir, bréf eða annars konar tilkynningar, um að sektir gætu legið við því ef verðmerkingar félagsins væru ekki í lagi. Hafi ástæða þess að verðmerkingar skorti verið sú að tekinn hafi verið niður eldri verðlisti vegna fyrirhugaðra verðbreytinga.

10. Kærandi byggir á því að honum hafi ekki borist upplýsingar um að eftirlitsmenn hafi verið á ferð í verslun kæranda að Engihjalla, fyrir en að sekt var lögð á félagið. Þá sé til staðar í versluninni sé miði þar sem fram komi verð á öllum vörum í kæli. Hefur fyrrgreindur miði hangið við kælinn auk þess sem hann hafi alltaf verið sýnilegur og reyndar mest legið á borði við afgreiðslukassa.
11. Í bréfi Neytendastofu sem dagsett er 10. júlí 2008 hafi kæranda verið gefinn 10 daga frestur til þess að bæta úr verðmerkingum, en þetta bréfi hafi aldrei borist félaginu. Bendi kærandi á að það hafi verið sent í almennum pósti en ekki í ábyrgðarbréfi, líkt og sektarákvörðunin. Hafi afrit þess ekki fundist við nánari eftirgrennslan kæranda, hvorki á skrifstofu félagsins né í verslunum þess að Arnarbakka eða Engihjalla. Lúti athugasemdir kæranda því ekki að því að sektað sé fyrir lélegar verðmerkingar í verslunum kæranda, heldur að því að Neytendastofa gefi verslunum ekki kost á að bæta ráð sitt og gefa þannig einhvern fyrirvara, auk þess sem mikilvægt sé að slíkar tilkynningar séu sendar með sannanlegum hætti. Auk þess sé það mikilvægt að gera verslunum grein fyrir því að búast megi við sektum ef ekki er bætt úr verðmerkingum.
12. Með bréfi, dags. 17. september 2008, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Umsögn Neytendastofu barst nefndinni 14. október 2008. Í umsögninni kemur fram að Neytendastofa hafi kannað ástand verðmerkinga í verslunum kæranda og hafi vörur í kæli ekki verið verðmerktar. Hafi starfsmenn kæranda undirritað athugasemdalaust staðfestingu á komu starfsmanns Neytendastofu og lýsingu hans á ástandi verðmerkinga. Þá hafi kæranda verið sent bréf dags 10. júlí 2008 þar sem gerð hafi verið grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og fyrirtækinu gert að koma verðmerkingum í viðunandi horf að viðlögðum sektum. Þann 5. ágúst 2008 hafi starfsmaður Neytendastofu fylgt skoðuninni eftir og hafi hún leitt í ljós að vörur í kæli hafi enn verið óverðmerktar í báðum verslunum, auk þess sem verðmerkingum í borði í Arnarbakka hafi verið ábótavant. Hafi starfsmenn kæranda undirritað athugasemdalaust staðfestingu á komu starfsmanns Neytendastofu og lýsingu hans á ástandi verðmerkinga.
13. Verslunarrekendur hafi skýra skyldu til að verðmerkja vöru og þjónustu sína samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 2. gr. reglna nr. 580/1998 um verðmerkingar. Í c. lið 22. gr. laga nr. 57/2005 felist heimild til Neytendastofu tli þess að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti gegn reglum eða fyrirmælum stofnunarinnar um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæti sbr. 18. gr. laga nr. 57/2005. Ákvæðið feli ekki í sér að fyrir verði að liggja ákvörðun um brot áður en tekin er ákvörðun um stjórnvaldssekt. Þrátt fyrir að fyrrgreind ákvæði heimili Neytendastofu að sekta fyrirvaralaust, hafi stofnunin tekið þá ákvörðun að gefa kæranda kost á að koma verðmerkingum í viðunandi horf áður en gripið yrði til þeirra. Þá hafi Neytendastofa ávallt sent kvartanir vegna verðmerkinga og niðurstöður skoðunar stofnunarinnar á ástandi verðmerkinga á póstfang skrifstofu kæranda samkvæmt fyrirtækjaskrá enda beri fyrirtækið ábyrgð á því að einstakar verslanir þess fari að settum reglum. Það hafi því verið á ábyrgð fyrirtækisins að upplýsa starfsmenn sína um hvernig bæri að verðmerkja vörur þess og með hvaða hætti.

14. Með bréfi, dags. 20. október 2008, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu og var frestur veittur til 30. október 2008. Var kæranda tilkynnt um að málið hefði verið tekið til úrskurðar með bréfi dags. 7. nóvember 2008. Athugasemdir bárust frá kæranda með bréfi dags. 13. nóvember og voru þær efnislega samhljóða athugasemdum kæranda dags. 10. september 2008.

NIÐURSTAÐA

15. Eins og að framan hefur verið rakið voru lagðar sektir á kæranda vegna þess að verðmerkingar hans í kæli í tveimur verslunum hans, og í borði í einni verslun hans, hafi ekki verið í samræmi við kröfur 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 2. gr. reglna nr. 580/1998 um verðmerkingar. Er sektarheimild að finna í c. lið 22. gr. laga nr. 57/2005. Hefur kærandi byggt á því að honum hafi ekki verið gefinn sannanlegur kostur á því að færa í betra horf verðmerkingar í kæli í verslunum sínum. Þá hafi yfirmönnum kæranda ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir heimsóknnum starfsmanna Neytendastofu í verslanir og athugasemdum þeirra. Starfsmenn kæranda hafi ekki skilið þýðingu þess að þeir undirrituðu staðfestingu á komu starfsmanns Neytendastofu, enda hafi afrit bréfsins ekki verið skilið eftir af starfsmanni Neytendastofu í umrædd skipti. Að auki hafi bréfi Neytendastofu dags. 10. júlí 2008 aldrei borist kæranda, en í ljós hafi komið að það hafi verið sent með almennum pósti.
16. Af hálfu Neytendastofu hefur verið á því byggt að ákvæði c. liðar 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu, feli ekki í sér að fyrir verði að liggja ákvörðun um brot áður en tekin er ákvörðun um stjórnvaldssekt. Engu að síður hafi Neytendastofa tekið þá ákvörðun að gefa kæranda kost á að koma verðmerkingum í viðunandi horf áður en gripið yrði til ákvörðunar sekta. Verður á það fallist með Neytendastofu að kærandi geti ekki vikið sér undan ábyrgð á verðmerkingu á vöru með vanþekkingu á þeim lögum og reglum sem um það gilda. Hins vegar verður að líta til þess að við málsmeðferð Neytendastofu í hinum kærðu ákvörðunum leitaðist Neytendastofa við að gefa kæranda kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Er það í samræmi við það sjónarmið að almennt beri að greina aðila stjórnsýslumáls frá því hvaða sakir eru á hann bornar og hvaða gögn liggja fyrir í tilteknu stjórnsýslumáli auk þess sem enn fremur beri veita aðila stjórnsýslumáls aðgang að gögnum máls og hæfilegan tíma til að kynna sér þau og koma að andmælum til samræmis við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
17. Eins og að framan er rakið hafði kærandi fram að færa nánar tiltekin andmæli sem hefðu komið til skoðunar við töku fyrrgreindra sektarákvarðana, en kærandi hefur hins byggt á því fyrir áfrýjunarnefndinni að tilkynningar Neytendastofu um málsmeðferð stofnunarinnar hafi á engu stigi borist honum með sannanlegum hætti. Með vísan til alls framangreinds, er það því álit áfrýjunarnefndar neytendamála að ekki verði hjá því komist, eins og hér stendur á, að fella úr gildi fyrrgreindar ákvarðanir Neytendastofu.

ÚRSKURÐARORÐ:

Felldar eru úr gildi ákvarðanir Neytendastofu nr. 21/2008 og 22/2008.

Ása Ólafsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson